



Skýrsla sveitarstjóra sept- okt 2018

Helstu viðfangsefni

## Framkvæmdir

Þegar þetta er ritað er í þann veginn verið að leggja malbik á göturnar Heiðargerði og Hamragerði í Árneshverfi. Varla verður langt að bíða þess að malbikað verði einnig í Brautarholtshverfi svo framalega sem tíðin leyfir. Það mun bíða vorsins að setja malbik á Bugðugerði. Varla þarf að fjölyrða um hversu mikið gleðiefni það verður að fá göturnar í varalegt horf.

Verið er að undirbúa virkjun heitavatnsins úr nýju borholunni í Þjórsárholti. Beði er eftir nýrri dælu og lagning nýra heimtaugar er í undirbúningi.

Í Brautarholti er unnið að lagfæringum á leikskólalóð, nýtt smáhús undir áhöld er risið.

Aðalsalurinn í samkomuhúsinu í Brautarholti flæddi því miður eins og áður er getið í sumar og gólfefni eyðilagðist. Þar kom til að ofn sprakk. Innan tíðar veðrur lagt nýtt parket á gólfið.

Settir hafa verið stólpar til að bera uppi nýjar girðingar við bæði gámasvæðin. Girðingareiningar eru væntanlegar. Um þessar mundir er verið að vinna úr niðurstöðum viðhorfskönnunar sem send var íbúum. Svörun hefði mátt vera meiri. En engu að síður gefa svörin ákveðna mynd. Ekki er útilokað að breytingar á gjaldtöku vegna sorpþjónustu geti breyst á nýju ári.

## Fjármál

Lausafjárstaða sveitarsjóðs er góð um þessar mundir. Vissulega þarf að reiða fram miklar fjárhæðir á okkar mælikvarða vegna þeirra framkvæmda sem standa nú yfir. Ekki hefur enn gerst þörf á að taka lán vegna þeirra. En ekki er ólíklegt að til þess geti komið í einhverjum mæli.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar er í að hefjast. Næstu tvo mánuði mun minn tími að umtalsverðu leyti fara í þá vinnu. Hluti af þeirri vinnu er að leggja fram framkvæmdaáætlun. Ekki er ljóst hvaða framkvæmdir muni eiga sér stað á næsta ári. Ljóst er þó að eitthvað bætist við gatnagerðarframkvæmdir ef að líkum lætur. Allt bendir til þess að eftirspurn eftir lóðum sé það raunverulega að ekki verði hjá því komist að gera fleiri lóðir byggingahæfar. Ég hef bent á að sundlaugarmannvirkið í Brautarholti þarfnist endurbóta. Hvort til þeirra kemur á næsta ári er svo sem ekki víst, en varla getur það beðið í mörg misseri. Framhliðin á millisal í Brautarholti, þarf yfirhalningu.

Annað verkefni er snýr að fjármálum sem er framundan, uppreikningur gatnagerðargjalda samkvæmt lóðarleigu samningum. Þegar malbik verður lagt ber sveitarfélaginu samkvæmt þeim samningum að innheimta eftirstöðvar gatnagerðargjalda. Fasteignaeigendur í þéttbýliskjörnunum munu því fá bréf í þeim efnum innan skamms.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri